

Skýrsla

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 3. og 4. júní 1887.

Ár 1887, 3. dag júním. var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur og haldinn á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni J. Havsteen með amtsráðsmönnum Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benidikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi.

Mál þau, er til umræðu komu á fundinum, voru þessi:

1. Reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins, ásamt fylgiskjölum, var fram lagður; var reikningurinn endurskoðaður og ekkert að honum fundið. Amtsráðið samþykkti því reikninginn í heild sinni.
2. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefir í brjefi 25. nóvbr. f. á. lagt það til, að ýmislegur kostnaður við eptirlit af hálfu þess opinbera í tilefni af fjárkláðanum í Þingeyjarsýslu 1884 mætti greiðast af jafnaðarsjóði, þar sem ástandið í hreppum þeim, sem í hlut ættu, væri mjög bágborið. Kostnaður þessi er ferðakostnaður sýslumanns og hjeradslæknanna í 11. og 12. læknishjeraði, auk 14 kr. fyrir leigu á þinghúsinu að Ljósavatni til fundarhalds og kostnaður við ýmsar sendiferðir út af fundarhaldinu og prentun á leiðarvísi við notkun þaðmeðals. Þótt greiða megi, samkvæmt 7. gr. í tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, slíkan kostnað úr jafnaðarsjóði, þegar það er efnaleysi einstaks manns að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir í tilefni af fjárkláða, sem þörf er á, þá á þessi ákvörðun ekki við um heila hreppa. Amtsráðið ályktaði því, að hinn umræddi kostnaður yrði eigi greiddur úr jafnaðarsjóði, en vildi þó leyfa, að hinar áður nefndu 14 kr., sem fyrirfram eru greiddar úr sjóðnum, mættu færast til endilegra útgjalda, með því að þessi kostnaður að mestu leyti hefir blotizt af framkvæmdum til þess að fullnægja fyrirmælum 1. gr. í tilsk. 4. marz 1871, sem hefir inni að halda viðauka við tilsk. 5. jan. 1866.
3. Amtsráðið gat eigi orðið við beiðni Sigurðar Símonarsonar á Steini í Skagafjarðarsýslu, um að helmungur af kostnaði við heimflutning daufdumbs sonar hans, Ólafs, frá Kaupmannahöfn á Sauðárkrók, greiddist úr jafnaðarsjóði, sbr. 2. og 3. gr. í tilsk. 26. febr. 1872, um kennslu beyrnar- og málleysingja o. fl., og fjellist á að forseti ráðsins hafði þegar með brjefi 15. apríl þ. á. skipað hlutadeiganda sýslumanni, að ganga ríkt eptir flutningskostnaðinum, sem goldinn hafði verið fyrirfram úr jafnaðarsjóði, samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins, hjá framfærslusveit Ólafs, ef faðir hans eigi gæti borgað kostnaðinn.
4. Var rædd og samþykkt *áætlun* um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1888.

Tekjur.

1. Áætlaðar eptirstöðvar frá 1887	800 kr.	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	3200 —	4000 kr.

23. dag ágústmán. 1887.

Gjöld.

1. Amtsráðið	350 kr.	
2. Til sáttamála	100 —	
3. Til heilbrigðismála	200 —	
4. Til menntunarmála (hjer af til bókasafnsins 200 kr.)	1000 —	
5. Til heyrnar- og málleysingja	880 —	
6. 4. og síðasta afborgun og leigur til 18. oktbr. 1888 af 2000 kr. láni úr landsjóði í tilefni af fjárkláðanum	520 —	
7. 1. afborgun og leigur af láninu til Skjálfaðafljótsbrú- arinnar	400 —	
8. Óviss útgjöld	550 —	4000 kr.

5. Amtsráðið veitti kvennaskóla Eyfirðinga á Laugalandi 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði með því skilyrði, að forseta ráðsins yrði send skýrsla um kennsluna á skólanum og ástand hans á kennsluárinu 1886—87, og um vorprófið.
6. Sömu leiðis veitti amtstráðið kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga á Ytri-Ey 300 kr. úr jafnaðarsjóði, og var fram lögð skýrsla um kennsluna á skólanum og ástand hans á kennsluárinu 1886—87, svo og um afstaðið vorpróf.
7. Enn fremur veitti amtstráðið 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði til alþýðuskóla Þingeyinga í Hljeskógum, og var fram lögð skýrsla um kennsluna á skólanum skólaárið 1886—87, og um afstaðið vorpróf. Forseti skýrði frá, að alþýðuskóli á Akureyri hefði eigi verið haldinn veturinn 1886—87.
8. Forseti skýrði frá, að skrá yfir bækur amtsbókasafnsins á Akureyri hefði komið út á öndverðum síðastliðnum vetri, og yði hvert eintak selt á 50 a.

Reikningur yfir tekjur og gjöld safnsins fyrir 1886 var endurskoðaður, og fann amtstráðið ekkert að athuga við hann.

Kosinn var síra Matthías Jochumsson, prestur til Akureyrar, í forstöðunefnd bókasafnsins, sem er skipuð 3 mönnum.

Amtsráðið lagði til safnsins 250 kr. úr jafnaðarsjóði, og skyldi þar af ganga 3. afborgun á kaupverðinu fyrir stofuna í fangahúsinu, sem amtstráðið keypti af Akureyri.

9. Fram lagðir voru eftirfylgjandi reikningar fyrir 1886 yfir tekjur og gjöld sjóða, sem standa undir umsjón amtsráðsins.
 1. Búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins,
 2. Búnaðarskólasjóðs norður- austuramtsins,
 3. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað,
 4. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafjarðarhreppi,
 5. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn, og
 6. Prentsmiðjusjóðs norður- og austuramtsins.

Reikningarnir voru yfirskoðaðir, og fann amtstráðið ekkert við þá að athuga.

10. Samkvæmt meðtekinni bænarskrá frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum veitti amtstráðið skólanum 300 kr. úr búnaðarsjóði amtsins, sem skyldi útborgast, þegar ársleigurnar til 11. júní væri innheimtar.
11. Forseti kýrði frá, að landshöfðingi hefði samkvæmt tillögum amtsráðsins með

brjefi 31. desbr. f. á. veitt 25 búnaðarfjelögum samtals 1527 kr. styrk af því fje, 82 sem ætlað var til eflingar búnaði fyrir nefnt ár.

12. Í tilefni af brjefi landshöfðingja, 24. febr. þ. á., þar sem hann skorar á amtsráðið að láta uppi í tíma tillögur um styrkveitingar til búnaðarfjelaga og búnaðarskóla eða annara búnaðarfyrirtækja af því fje, sem tiltekið er í fjárlögunum 1886—87, 10. gr. C. 4., ljét ráðið í ljós, að það byggist við, að umdæminu hlotnaðist um 4000 kr. af þessari fjárveiting, eins og að undanfögnu, og vildi leggja það til, að búnaðarfjelög fengi allt að því 1500 kr. af nefndri upphæð, sem útbýtt yrði eptir þeim reglum, sem ráðið hefir fylgt að undanfögnu; skyldi því birta auglýsing í „Fróða“, „Norðurljósinu“ og „Austra“, og skora á búnaðarfjelög, að gefa sig fram svo tímanlega, að bænarskrá þeirra og skýrslur um unnar jarðabætur væri komnar til forseta amtsráðsins fyrir 30. oktbr. næstkomandi, en þau fjelög, sem bænarskrár og skýrslur væri ekki komnar frá innan þess tíma, mættu eigi búast við að fá nokkurn styrk.

Þeim 2500 kr., sem eptir væri, vildi amtsráðið mæla fram með að yrði skipt milli búnaðarskólanna á Hólum og á Eyðum, þannig að Hólaskólinn fengi 1542 kr. og Eyðaskólinn 958 kr.; við þessar tillögur sínar tók amtsráðið tillit til þess, að hinn síðarnefndi skóli mundi eiga kost á að fá vextina af hinni föstu innstæðu styktarsjóðsins handa þeim, sem biða tjón af jarðeldi á Íslandi, 884 kr., en að Hólaskólinn fengi 300 kr. styrk úr búnaðarsjóði amtsins; reikningar yfir tekjur og gjöld skólanna fyrir 1886—87 skyldi vera komnir til forseta amtsráðsins áður en .styrkurinn væri útborgaður.

Enn fremur vildi amtsráðið samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Norðurmúla-sýslu mæla með því við landshöfðingja, að búnaðarskólanum á Eyðum veittist árs-vextirnir af áðurnefndum styktarsjóði fyrir 1886, þegar reikningur yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1886—87 væri kominn til forseta amtsráðsins, og skýrsla send bæði til landshöfðingja og amtsráðs um athafnir skólans og ástand hans á sama tímabili.

13. Í brjefi, 29. apríl þ. á., hafði landshöfðingi leitað álitu amtsráðsins um erindi nokkurt frá Hermanni Hjálmarssyni á Húsavík, þar sem hann sækir um leyfi til að fá hrút fluttan til Húsavíkur frá Skotlandi, til að gjöra kynblendingatilraun með honum.

Amtsráðið vildi leggja það til, að leyfið yrði veitt með þeim skilyrðum, að sækjandi sýndi lögreglustjóra vottorð hlutadeiganda yfirvalds og konsúls á þeim stað, þaðan er hrúturinn yrði fluttur, um það, að hann væri heilbrigður, að hrúturinn yrði skoðaður af lögreglustjóra og lækni, áður en hann væri fluttur í land hjer, og að honum skyldi þegar lógað, ef sýktur reyndist, en ef hann væri heilbrigður, skyldi honum samt haldið sjer undir tilsjón lögreglustjóra í 6 vikur að minnsta kosti.

14. Út af erindi nokkru frá Árna sýslunefndarmanni Þorkelssyni á Geitaskarði, þar sem hann skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, 28. febr. þ. á., á ítvarsamáli sínu, — en með þessum úrskurði hafði sýslunefndin frávísað kæru hans, sjer í lagi af þeirri ástæðu að krafa kæranda gagnvart hreppsnefndinni væri með öllu óákveðin, — ályktaði amtsráðið, að þótt rjettara hefði verið að stað-

82 festa úrskurð hreppsnefndarinnar en að frávísa kæru Árna Þorkelssonar, þá hefði sýslunefndin samt eigi farið fram yfir vald sitt í þessu, og yrði því úrskurður hennar að vera endilegur, sbr. 19. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar.

15. Þar næst tók amsráðið til umræðu kæru nokkra frá hreppsnefndinni í Vindhælishreppi, sem oddviti sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu hafði sent amtsráðinu, og þar sem hreppsnefndin skýtur því til amtsráðsins, hvort hreppurinn sje skyldur til að borga kostnað áreiðar við setning landamerkjia á svonefndum almenningi á Skagaheiði, gagnvart þeim, sem land ættu að honum bæði í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu og í Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, eða rjettara, gagnvart hreppum þessum, en það er eigi annað að ráða af fyrirbyggjandi gjörðabókarútskrift, viðvikjandi sýslunefndarfundarhaldi 23. febr. 1885, en að þeir 3 áreiðarmenn, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu útnefndi til þessarar áreiðar á móti jafnmörgum úr Skagafjarðarsýslu, ætti einnig að tiltaka takmörkin á almenningnum milli Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu eða milli áðurnefndra hreppa. Til vara hefir hreppsnefndin krafizt þess, að, ef Vindhælishreppi yrði gjört að greiða þennan áreiðarkostnað þeirra 3 áreiðarmanna, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu tilnefndi, annaðhvort að öllu leyti, eða að helmingi til móts við þá, sem land ættu að almenningnum, eða til móts við sýslusjóð, eins og átti sjer stað í Skagafjarðarsýslu, þá yrði kostnaðarreikningur áreiðarmanna færður niður.

Að hyggju amtsráðsins lá það fyrir utan verksvið sýslunefndanna í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, að hlutast nokkuð til um þetta mál, heldur áttu þær að láta hlutaðeigendur, hvort sem það eru hrepparnir, sem áður voru nefndir, eða þeir menn, sem eiga land að almenningnum, útkljá þrætu sína á þann hátt, sem landamerkjälögin gjöra ráð fyrir, en hjer við bætist enn fremur, að takmörk milli sýslna eða hreppa, sem þingháa, verða eigi sett nema með lögum, og er það annað mál, að takmörk milli þingháa sjeu svo ákvedin, að þau fylgi takmörkum einstakra jarða eða landa, sem ágreiningur getur verið um.

Með því nú samt sem áður lítur svo út, sem samkomulag hafi komizt á milli partanna, og þetta samkomulag sje í þarfir Vindhælishrepps, þá ályktaði amtsráðið, að sú ákvörðun sýslunefndarinnar skyldi standa óröskuð, að áreiðarkostnaðurinn, sem hjer er spursmál um, greiðist úr hreppssjóði Vindhælishrepps, þó þannig, að reikningur Ólafs Ólafssonar á Keldulandi færist niður um 3 kr., úr því hann að eins notaði 1 hest við áreiðina, en ekki 2; að öðru leyti áleit ráðið, að reikningur hans og Jakobs Jósefssonar á Árbakka væri sanngjarnir, þegar tekið væri tillit til þeirra örðugleika, sem áreiðinni hefði verið samfara.

16. Amtsráðið gat eigi veitt áheyrn bænarskrá nokkurri frá skipasmið Einari Hjaltasyni, þar sem hann fer þess á leit, að ráðið veiti eða útvegi sjer styrk til lífsupheldis í elli sinni, svo sem í viðurkenningarskyni fyrir skipasmiði.
17. Forseti ráðsins skýrði frá vegabótum þeim, sem gjörðar höfðu verið á fjallvegum 1886 (Vaðlaheiði og Öxnadalsheiði), og frá fjárveitingum landshöfðingja til fjallvega á þessu yfirstandanda ári, en landshöfðingi hafði eigi sjeð sjer fært að veita meira en 2500 kr. til framhalds veginum yfir Vaðlaheiði og 150 kr. til aðgjörða á veginum yfir Siglufjarðarskarð og Vatnsskarð Skagafjarðarsýslumegin. Forseti skýrði frá, að hann hefði beðið um 4000 kr., til þess að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á

aðalpóstleiðunum, en landshöfðingi hefði í brjefi 7. f. m. tilkynnt sjer, að hann treystist ekki til að veita neitt fje til sýsluvega í norður- og austuramtinu enn sem komið væri, og ályktaði ráðið að ítreka fjárbeiðni forseta, þar sem eigi síður væri mikil þörf á þessari fjárveiting hjér í amtinu, en í hinum ömtunum, og þar að auki mikilsvert að útvega mönnum atvinnu.

Amtsráðið tók aptur til umræðu spursmálið um að varða veginn milli Grímsstaða á Fjöllum og Biskupsvörðu (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 18. og 19. júní 1886, Stjórnartíðindi 1886, B, bls. 114), og var fram lagt brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, 24. júlí f. á., og álit það, sem sýslunefndin í Norðurþingeyjarsýslu hafði látið uppi um þetta málefni á fundi sínum 22.—24. marz 1887.

Vegarspottinn frá Grímsstöðum að Biskupsvörðu verður að álitu amtsráðsins aldrei skoðaður öðruvísi en sem sýsluvegur, þar sem hann er í byggð (í hinum svonefndu Fjöllum eða Fjallabyggð), enda er framhald vegarins frá Biskupsvörðu fram hjá Víðidal og Möðrudal að Skjöldólfstöðum sýsluvegur Norðurmúlasýslu; amtsráðið gat því eigi hlutast til um að láta varða veg þennan og útvega fje til þess, eins og sýslunefnd Norðurþingeyinga virðist vilja, heldur vildi amtsráðið skora á nefndina, að taka þennan vegarkafli upp í tölu sýsluvega; en þar sem hann væri á aðalpóstleið, mundi sýsluvegasjóðurinn fá styrk til vörðuhleðslunnar úr landsjóði. Aptur á móti áleit amtsráðið, að vegarkaffinn frá Jökulsá á Fjöllum upp að Grímsstöðum yrði að skoðast sem partur af fjallveginum yfir Mývatnsöræfi og Dimmafjallgarð, sbr. augl. 9. nóvbr. 1876, um fjallvegi.

Í brjefi 3. maí þ. á. hefir sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar farið þess á leit, að fá samþykki amtsráðsins til þess að nokkru fje úr sýsluvegasjóði yrði varið til þess að endurbæta sýsluvegin yfir Fjarðarheiði, sem er á aðalpótleið, þótt amtsráðið áður hefði samþykkt, að þessi vegur yrði lagður niður eða sameinaður við fjallveginn yfir Vestdalsheiði, þar sem það, ef til vill, ætti langt í land, að þessi fjallvegur yrði endurbættur að fullu og lagður í þá stefnu, er til ætlazt væri.

Með því að amtsráðið hafði á fundi sínum 19. og 20. desbr. 1882 (sbr. Stjórnartíðindi 1884, B, bls. 10) að eins samþykkt, að Fjarðarheiðarvegin mætti leggja niður, svo framarlega sem sýslunefndin álitu þetta fyrirkomulag hentugt eptir skoðun kunnugra manna, og ráðið hafði haft fyrir augum, að nýi vegurinn yfir Vestdalsheiði væri fullgjörður áður, gat amtsráðið ekki verið því mótfallið, að sýsluvegasjóður legði fje til nauðsynlegustu vegabóta á Fjarðarheiðarveginum, enda var vetrarvegurinn yfir Fjarðarheiði í Norðurmúlasýslu varðaður sumarið 1884.

Fram lagt var erindi nokkurt frá bændunum Sigurgeiri Pjeturssyni í Reykjahlíð og Sigurjóni Kristofferssyni á Grímsstöðum við Mývatn, um að fjallvegurinn yfir Mývatnsöræfi yrði varðaður, og álit sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um þessa vegabót, en sýslumaðurinn ræður frá, að verja meiru fje, en komið væri, til vegarins, af því að hann væri upphaflega eigi heppilega valinn sem aðalpótleið, enda yrðu aðrir fjallvegir, sem væri ógjörðir, að sitja fyrir. Amtsráðið áleit, að það væri nauðsynlegt að varða veginn, þegar fje fengist til þess, en var samdóma sýslumanni um það, að aðrir fjallvegir, sem verið væri að vinna að nú, og væri mjög fjölfarnir (t. a. m. Vadlaheiðarvegurinn og Vestdalsheiðarvegurinn o. fl.), yrðu að sitja fyrir.

82

Enn fremur var fram komin beiðni frá sýslumanninum í Suðurmúlasýslu um meðmæli amtsráðsins til fjárveitingar úr landsjóði til fjallvegarins yfir Lónsheiði; amtsráðið varð að álíta, að vegagjörð þar væri næsta nauðsynleg, og fól forseta sínum að biðja um fje til vegagjörðar þessarar, þegar hann sæi sjer það fært, vegna annara vegabótafyrirtækja, sem eigi væri búid að ljúka við.

18. Amtsráðið samþykkti þá uppástungu sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu, að vegurinn frá Hreinstöðum út að Ósi í Hjaltastaðapinghá skyldi vera sýsluvegur.
19. Amtsráðið gat eigi samþykkt þá uppástungu sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, að vegurinn frá Gljúfurá norður að svonefndum Klofasteini, sem væri kaupstaðarvegur til Blönduóss, yrði tekinn upp í sýsluvegatölu, af þeirri ástæðu að annar vegur, sem er sýsluvegur, sumsje vegurinn yfir Gljúfurá að Skriðuvaði á Vatnsdalsá norður Axlarbala, liggur hjer um bil samhliða til kauptúns.
20. Samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sýslunefnda samþykkti amtsráðið, að jafna mætti niður fyrir 1887 til sýslusjóða í Þingeyjarsýslunum 11 aurum á hvert lausaffjár- og fasteignarhundrað, til sýslusjóðsins í Norðurmúlasýslu 15 aurum, og sýslusjóðs Suðurmúlasýslu 23 aurum á hvert hundrað.

Fundi frestað til næsta dags.

21. Forseti fram lagði erindi frá Halldóri Sigurðssyni á Hólum í Laxárdal í Þingeyjarsýslu, þar sem hann sækir um 200 kr. styrk til þess að kynna sjer á Reynivöllum í Kjós fiskirækt og laxa- og silungsklak af því fje, sem amtsráðið kynni að hafa til umráða, og ætlað væri til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Amtsráðið hafði þegar rætt og samið tillögur sínar um útbýting á því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði, þegar þessi bænarskrá barst því, enda hefir amtsráðið eigi nægilegt fje til umráða sem stendur, er hinu umsótti styrkur yrði veittar af. Af þessum ástæðum gat amtsráðið eigi veitt hinn umbeðna styrk að svo komnu.

(Framhald).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C 4.

Af fje því til eflingar búnaði, sem landshöfðinginn hefur beinlínis umráð yfir, voru samkvæmt tillögum amtsráðs vesturamtsins veittar 2466 kr. 67 a. til búnaðarskólans í Ólafsdal fyrir árið 1887.

Samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi amtmanns voru samþykktar tillögur :

sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um að verja 780 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. bls. 11), til styrktar búnaðarskólanum á Hólum í Hjaltadal,

sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu um að verja 740 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. bls. 11) til styrktar sama skóla,

bæjarstjórnarinnar á Akureyri um að verja 40 kr. (Stjtið. þ. á. B. bls. 11) til að kaupa jarðepli til útsæðis í garða bæjarins,

sýslunefndanna í Suðurþingeyjarsýslu og Norðurþingeyjarsýslu um að verja 560 kr. og 220 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. bls. 11) til launa fyrir jarðabótastörf í sýslunum,

sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu um að verja 580 kr. (sbr. Stjtið. þ. á. B. bls. 11) að helmingi til búnaðarskólans á Eyðum, en að hinum helmingnum til styrktar búnaðarfjelögum í sýslunni,

sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu um að verja 530 kr. til verðlauna fyrir jarðabætur og til styrktar búnaðarfjelögum.

um *Borðeyri*, *Prestsbakka* og *Hrófberg* í Steingrímsfirði, Bjarnarfjarðarháls og Bala að *Kúvíkum* í Reykjarfirði, og snýr þaðan aptur eftir sólarhringsdövl sömu leið.

83

8. ÍSAFJARÐARSYSLUPÓSTARNIR eru tveir og fara frá Ísafirði þegar eftir komu vestanpóstsins þangað. Fer annar um *Holt* í *Önundarfirði* að *Þingeyri við Dýrafjörð*, og snýr þaðan aptur eftir 12 tíma dövl sömu leið til Ísafjarðar; þó má póstur þessi, eftir nánari ákvörðun póstafræiðslumannsins á Ísafirði, þegar nægur tími er til, fara allt að *Rafnseyri* við *Arnarfjörð*. Hinn fer sjóleiðis frá Ísafirði til *Snæfjalla*, þaðan til *Stadar* í *Grunnavík* og þaðan aptur til *Hesteyrar* í *Sljettuhreppi*, og síðan, sem fyrst unnt er, sömu leið aptur til Ísafjarðar.
9. SKAGASTRANDARPÓSTURINN fer frá *Sveinstöðum* um *Blönduós* að *Skagaströnd* daginn eftir komu norðanpóstsins að *Sveinsstöðum* frá *Stað*, og snýr aptur eftir sólarhringsdövl á *Skagaströnd*.
10. SIGLUFJARÐARPÓSTURINN leggur á stað frá *Víðimýri* daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*; fer um *Sauðárkrök*, *Hofsós* og *Haganes* til *Siglufjarðar*, og snýr aptur sömu leið eftir sólarhringsdövl þar.
11. EYJAFJARÐARSYSLUPÓSTURINN fer frá *Akureyri* daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, að *Tjörn* í *Svarfádardal*, og snýr aptur eftir sólarhringsdövl þar.
12. ÞINGEYJARSYSLUPÓSTARNIR eru tveir. Fer annar á stað frá *Grenjadarstað* þegar er *Seyðisfjarðarpósturinn* er þangað kominn frá *Akureyri*, kemur við á *Húsavík*, *Skinnastöðum* og *Presthólum* og mætir á *Raufarhöfn* hinum *Þingeyjarsýslupóstinum*. Sá póstur fer frá *Vopnafirði* sama dag og hinn pósturinn á að fara frá *Grenjadarstað* og kemur við á *Sauðanesi* og *Svalbarði*. Þegar báðir *Þingeyjarsýslupóstarnir* eru komnir til *Raufarhafnar*, snúa þeir aptur sömu leið til *Grenjadarstaðar* og *Vopnafjarðar*, og má *Seyðisfjarðarpósturinn* eigi fara frá *Grenjadarstað* á leiðinni til *Akureyrar* fyr en annar þeirra er kominn aptur að *Grenjadarstað*.
13. MÚLASYSLUPÓSTUR fer frá *Höfða* í *Vallahreppi* undir eins og aðalpóstarnir eru komnir báðir til þessarar póstafræiðslu (*Eskifjarðarpóstur* frá *Bjarnanesi* og *Seyðisfjarðarpóstur* frá *Grimstöðum*) um *Hrafnabjörg* til *Vopnafjarðar*, og snýr aptur þaðan eftir sólarhringsdövl.
14. ÁRNESSYSLUPÓSTARNIR eru þrír og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði* svo fljótt sem unnt er, eftir að austanpóstur er kominn þangað frá *Reykjavík*. Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeiðum*, annar að *Arnarbæli* í *Grímsnesi*, og snúa þeir báðir þegar aptur að *Hraungerði*; hinn þriðji fer ofan á *Eyrbakka* og snýr þaðan aptur morguninn eftir að *Hraungerði*.
15. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Breiðabólstað* að *Ljótarstöðum* daginn eftir komu austanpóstsins frá *Reykjavík* og snýr þegar aptur að *Breiðabólstað*. Þegar pósttaskan kemur frá *Vestmannaeyjum* að *Ljótarstöðum*, skal henni komið svo snemma að *Breiðabólstað*, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til *Reykjavíkur*.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 18. ágúst 1887.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

Skýrsla

82

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 3. og 4. júní 1887.

(Framh.)

22. Forseti skýrði frá, að hann að fengnum öllum fylgiskjölum með reikningnum yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hólum fyrir 1883—84, og þeim rannsókuðum hefði samkvæmt umbóði amtsráðsins samþykkt reikning skólans fyrir nefnt ár og fyrir 1884—85, sem amtsráðið hafði áður yfirfarið og endurskoðað.

Reikningur yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1885—86, með tilheyrandi fylgiskjölum og athugasemdum hinna kjörnu endurskoðenda hjeraðslæknis J. P. Halldórssonar á Klömbrum og alþingismanns Ólafs Briems á Frostastöðum var nú endurskoðaður af amtsráðinu, sem fann ekkert við hann að athuga, og úrskurðaði athugasemdir endurskoðenda.

82

Áðurnefndir endurskoðendur reikningsins yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1885—86 höfðu í brjefi, 26. marz þ. á., skotið því til forseta amtsráðsins, hvort ekki skyldi einnig leggja undir endurskoðun þeirra búreikning skólastofnunarinnar, en stjórnarnefndin væri á þeirri skoðun, að búreikningurinn heyrði undir fullnaðarendurskoðun hennar. Amtsráðið ályktaði, að þótt rjett væri, að stjórnarnefndin rannsakaði búreikninginn, þá væri einnig uauðsynlegt, að endurskoðendur skólareikningsins fengi framvegis við endurskoðun hans ekki að eins búreikninginn, heldur og reikning kirkjunnar að Hólum, til endurskoðunar og leiðbeiningar við endurskoðun skólareikningsins, enda hefir sýslunefndin í Húnavatnssýslu verið á sama máli.

Amtsráðið samþykkti að stjórnarnefnd Hólaskólans hafði ráðið hinn fyrra skólalastjóra Jósef J. Björnsson sem yfirkennara við skólann, og búfræðing Jón Hannesson frá Haukagili í Vatnsdal sem bústjóra, þannig að hann einnig hefði á hendi kennslu í tilteknum verklegum og bóklegum námsgreinum. Samning hjér að lútandi við yfirkennara Jósef J. Björnsson og reglugjörð fyrir bústjóran samþykkti amtsráðið.

Forseti fram lagði prentaða skýrslu um kennsluna á skólanum fyrir 1884—85 og 1885—86, og skýrslur um fundarhöld stjórnarnefndar skólans 12.—16. maí, 7. og 8. oktbr. og 27. nóvbr. 1886 og 21. marz 1887.

Forseti skýrði frá, að landshöfðingi hefði með brjefi 31. ágúst f. á., sem var fram lagt, tilkynnt sjer að hann sæi sjer ekki fært að veita Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu hið eptiræskta 10,000 kr. lán til húsaýggjunga að Hólum, sem amtsráðið hafði samþykkt á aðalfundi sínum 18. og 19. júní f. á.

Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu mætti taka 150 kr. lán úr landsbankanum í Reykjavík til 3 ára í þarfir kirkjunnar að Hólum.

Að endingu skýrði forseti frá því, að sýslunefnd Eyfirðinga hefði á fundi sínum 21.—23. febr. þ. á. hafnað því að sinni að ganga í fjelag við vestursýslurnar um búnaðarskólann að Hólum.

23. Fram lagður var reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Eyðum fyrir 1885—86 með fylgiskjölum ásamt með svonefndum jafnaðarreikningi Eyðaskólans fyrir sama tímabil.

Amtsráðið ályktaði, að reikningshaldari skyldi senda amtsráðinu sundurliðaða eða nákvæmari skilgrein fyrir gjaldlið 4. í reikningi skólans, semsje 1884 kr., sem greiddar eru upp í skuld hans við Gránufjelagsverzlun á Vestdalseyri.

Enn fremur fram lagði forseti skýrslu skólastjóra um kennsluna á skólanum 1885—86 og 29. tölublað af »Austra«, 3. árg., sem hefir inni að halda skýrslu um ástand skólans, búskap á Eyðum og verklegar framkvæmdir.

24. Með skírskotun til framlagðra endurrita úr gjörðabókum sýslunefndanna í báðum Þingeyjarsýslunum 19.—21. jan. og 22.—24. marz þ. á. skýrði forseti frá, að búnaðarskólamáli sýslanna væri fallið niður að sinni, vegna þess að samningur við Stefán búfræðing Stefánsson komst eigi á. Amtsráðið ályktaði að skýra landshöfðingja frá þessu.

25. Fram lögð voru eptirnefnd endurrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin.

a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 11. júní 1886 og 28. febr. — 4. marz 1887.

- b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 9. júní 1886 og 3.—4. febr. 1887. 82

Að svo miklu leyti, sem lán það upp á 150 kr., sem sýslunefndin hefir veitt í þarfir kirkjunnar að Hólum í Hjaltadal, eigi verður borgað á næsta reikningsári, samþykkir amtsráðið þessa lánveiting.

- c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 21.—23. febr. 1887.
 d. Frá Suðurþingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 9. júní og 29. septbr. 1886 og 19.—21. jan. 1887.
 e. Frá Norðurþingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 31. maí og 23. septbr. 1886 og 22.—24. marz 1887.
 f. Frá Norðurmúlasýslu, fundargjörðir frá 14. septbr. 1886 og 14. apríl 1887.

Amtsráðið athugaði, að sýslunefndin hafði leyft Fellahreppi, Fljótsdalshreppi og Lodmundarfjarðarhreppi að taka lán úr landsbankanum, til þess að kaupa vörur fyrir, og koma á verzlun þannig, að hönd seldi hendi. Það er auðsætt, að það liggur fyrir utan verkahring hreppsnefnda, eins og hann er ákveðinn með lögum, að standa fyrir verzlunarfyrtækjum eða pöntunarfelögum, enda mundi slíkt fyrirkomulag eflaust verða til hins mesta tjóns fyrir sveitirnar, þegar fram í sækti. Amtsráðið felldi því úr gildi hjer að lútandi ályktun sýslunefndarinnar.

- g. Frá Suðurmúlasýslu, fundargjörðir frá 7. og 8. júní og 14. septbr. 1886, og 2. maí 1887.

Amtsráðið athugaði, að sýslunefndin hafði veitt Eyðahreppi, Skriðdalshreppi og Vallahreppi leyfi til að taka lán úr landsbankanum til vörukaupa, þannig að menn fengi lánaðar vörur á vorin, en borguðu á haustin, en það sem borgað væri, skyldi sumpart ganga til vaxtagreiðslu og afborgunar af bankaláninu, og sumpart til vörukaupa. Amtsráðið felldi úr gildi hjer að lútandi ályktun sýslunefndarinnar af sömu ástæðum, og taldar eru undir stafflið f.

26. Fram lagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1886, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið áður, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.

- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst að athuga, að reikningshaldari hafði eigi tekið upp í reikninginn þær 780 kr., er veittar voru úr landsjóði 1886 til eflingar búnaði, eins og fyrir hafði verið lagt af amtmanni, sem landshöfðingi hefir falið umsjón með því, að fjárveitingum handa sýslum til eflingar búnaði yrði varið til þess, sem tilætlazt væri.
 b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga; samt vildi amtsráðið minna sýslunefndina á lán það upp á 500 kr., sem veitt er af Eyjafjarðarsýslu til Hólaskólans (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 2. og 3. júní 1885, Stjórnartíðindi 1885, B, bls. 94—95).
 c. Reikningurinn úr Eyjafjarðarsýslu úrskurðast á þessa leið.

Að því leyti sem endurskoðendur sýslunefndarinnar hafa athugað, að þeir ekki hafi haft í höndum fyrra árs reikning, svo að þeir eigi hafið getað gengið úr skugga um, hvort eign frá fyrra ári væri rjett talin, þá ber reikningshaldara að láta eptirleiðis endurskoðendum í tje þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að þeir geti dæmt um, hvort reikningurinn sje rjettur, enda er þeim innan handar að ganga eptir þessum upplýsingum.

Út af þeirri athugasemd endurskoðanda, að þeir hafi enga vissu fyrir því, að

82

lausafjórðungi væri rétt talin, þar sem þeir eigi hafi haft í höndum tíunda-
lista hreppstjóranna, sem reikningshaldari segist hafa tekið hundruðin eptir, enda
skakki lausafjórðungi meira og minna frá niðurfjöfnunarskrám hreppanna,
gat faseti þess, að hann hefði skrifað sýslumanni, og skorað á hann að rannsaka
þetta, og eptir kringumstæðunum brýna fyrir hreppstjórum, að hafa samhljóða þau
samrit aftíundarframtalsskýrslunni, sem þeir samkvæmt 45. gr. hreppstjórareglugjörð-
arinnar eiga að láta sýslumanni, hreppsnefndum, prestum og kirkjueigendum í tje.

Reikningshaldara ber að taka til greina athugasemdir endurskoðanda um, að
eigi sje fært til tekna 50 kr. sem gjald fyrir verzlunarleyfi Magnúsar Sigurðs-
sonar á Grund, og að oftalið sje sýslusjóðsgjaldið úr Hrafnagilshreppi um 1
eyri, og úr Þóroddstaðahreppi um 1 eyri (ekki 4 aura, eins og; endurskoð-
endur álita).

Gjaldliðirnir 7., 8. og 10. hefðu, eins og endurskoðendur taka fram, átt að
standa í undirdeildum um 11. tölulið, svo sem eptirstöðvar til næsta árs.

Samkvæmt 23. fylgiskjalinu hefir einn kjörstjórinn við alþingiskosningarnar
5. júní 1886 reiknað sjer 3 kr. í fæðispeninga og sem ferðakostnað; samkvæmt
38. gr. laga 14. septbr. 1877, um kosningar til alþingis, á kjörstjórinn 2 kr. á
dag, og þar eð eigi er upplýst, að hann hafi notað meir en 1 dag til kjörstjórn-
arstarfa, er gjaldliður 3. oftalinn um 1 kr.

Samkvæmt framanstandandi athugasemdum og úrskurðum verður í sjóði til
næsta árs 816 kr. 35 a., en ekki 765 kr. 37 a., og eign til næsta árs (gjaldliðir
7., 8., 10. og 11.) 1629 kr. 90 a.

d. Við reikninginn við Norðurmúlasýslu fannst að athuga.

Eptir fyrirmælum 38. gr. kosningarlaganna, 14. septbr. 1877, ber kjörstjórum
ekki meira en 2 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað, og þar sem hinir 2
kosnu kjörstjórar hafa talið sjer, annar 4 kr. og hinn 6 kr. í ferðakostnað, þá
eru hjer 10 kr. oftaldar, sem teljast til ábyrgðar.

Samkvæmt þessu eru eptirstöðvar til næsta árs 72 kr. 74 a., en ekki 62 kr.
74 a.

e. Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu fannst að athuga.

Einum sýslunefndarmanninum hafa verið útborgaðar 6 kr. fyrir að úrskurða
athugasemdir við jafnaðarreikninga hreppasjóðanna (fylgiskjal 21), en sýslu-
nefndin á, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í sveitarstjórnartilskipuninni, 20.
gr., sbr. 38. gr., sjálf að úrskurða þessa reikninga, án þess að ákvörðunin í 3.
gr. laga 9. jan. 1880, um breyting á nefndri tilskipun, geti komið hjer til greina.
Samt má við svo búið standa í þetta skipti.

Fyrir band á 2 bindum af Stjórnartíðindunum fyrir 1882—84, og fyrir band
á bók R. W. Bauers: Om Mönt, Maal og Vægtforhold, eru taldar 10 kr. með út-
gjöldum. Bandið á síðarnefndri bók, sem samkvæmt fyrirmælum stjórnarráðsins
á að fylgja sýslumannsembættinu, er sýslusjóði óviðkomandi, og skal reiknings-
haldari endurgjalda sýslusjóðnum 3 kr., sem bandið á bókinni mun hafa kostað.

Samkvæmt þessu verður eign sjóðsins til næsta árs 441 kr. 96 a., en ekki
438 kr. 96 a.

520 kr., sem veittar voru sýslunni til eflingar búnaði 1886, hefðu, samkvæmt
brjefi amtsins, 21. septbr. 1886, átt að takast upp í reikninginn.

(Framh. sídar).

Skýrsla

82

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 3. og 4. júní 1887.

(Framh.)

Reikningarnir úr Þingeyjarsýslunum voru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að rannsaka og úrskurða þá.

27. Fram lagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1886, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið áður, til rannsóknar og úrskurðar.
- Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
 - Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur. Reikningur var fram lagður yfir tekjur og gjöld hins svo nefnda »Brúarsjóðs» fyrir 1886. Eign sjóðsins við árslok var 96 kr. 69 a.
 - Reikningurinn úr Eyjafjarðarsýslu úrskurðast á þessa leið:
Athugasemd endurskoðanda sýslunefndarinnar um leifar af efni í Þverárbrúna í Kaupangssveit ber reikningshaldara að taka til greina.
Fylgiskjölín 10., 11. og 12. um vegabætur í Þóróddsstaðahreppi, í Hrafna-
gilshreppi við »Forvaðann» og í Vallahreppi gefa enga lýsingu á vegagjörðun-
um, og ályktaði amtsráðið að skora á sýslumann, að skýra gjör frá þessum
vegagjörðum, og skulu yfir höfuð sýsluvegasjóðsreikningum fylgja skoðunargjörðir
tilkvaddra manna á unnum vegagjörðum, eða þá lýsing sýslumanns sjálfs á veg-
um þeim, sem lagðir hafa verið, eða á endurbótum á þeim, hafi hann sjálfur
haft tækifæri til að skoða verk þau, er unnin hafa verið.
 - Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu fannst ekkert að athuga, og var hann sam-
þykktur.

Reikningarnir úr báðum Þingeyjarsýslunum og úr Norðurmúlasýslu voru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að yfirfara þá og úrskurða.

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var því fundi slitið.

Akureyri, 21. júní 1887.

Í fjarveru amtm. Havsteens

St. Thorarensen.

settur.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 84
endurgjald kostnaðar við flutning og geymslu vitfirrings. — Með þóknalegu brjefi 6. júní
dagsettu 24. f. m. hafði þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá bæjarfógetanum í
Reykjavík með 12 fylgiskjólum, þarsem skotið er til úrlausnar landshöfðingjans ágreiningi
milli Reykjavíkur kaupstaðar og Mjóafjarðarhrepps um greiðslu kostnaðarins við gæzlu,
framferslu og flutning á vitskertum manni, Jóhannesi Guðmundssyni, sem er viðurkennd-
ur sveitlægur í Reykjavík.

Út af þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir
bæjarfógetanum í Reykjavík, að með því að skjöl málsins bera með sjer að þjer og amt-
maðurinn yfir norður- og austuramtinu eruð á eitt sáttir um, hvernig beri að endur-
gjalda umgetinn þurfamannakostnað, þá er með því lagður fullnaðarútskurður á þetta
mál samkvæmt þurfamannareglugjörð 8. janúar 1834, 3. gr., 4. málsg.

24. dag septbrmán. 1887.